

— *Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um uppeldisstyrk.* **104**
 — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögum ráðgjafans að meðteknupóknanlegu bræfi **11. júní.**
 yðar, herra landshöfðingi, frá 29. apríl þ. á., hefir hans háttign konunginum
 28. f. m. þóknast: að veita Sigurði Thoroddsen Jónssyni heitins sýslumanns Thor-
 oddsens, 200 kr. árstyrk úr landssjóði frá 1. desember f. á. að telja, þangað til hann er
 fullra 18 ára að aldri.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegr-
 ar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, jafnframt og þess skal getið, að land-
 fögetanum hefir verið skrifað í dag hið nauðsynlega um greiðslu hins veitta styrks úr
 jarðabókarsjóði.

— *Agrip af bræfi landshöfðingja til sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu um lán* **105**
 til að kaupa kvennaskólahús. — Amtsráð norður- og austurumdæmisins hafði leyft **29. júní.**
 sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu að taka 6000 kr. lán til þess að kaupa kvennaskólahúsið á
 Laugalandi með áhöldum og gögnum. Landshöfðingi tjáði sýslunefndinni með þessu bræfi
 að lán þetta gæti fengist; en leiddi um leið athygli nefndarinnar að því, að tjeð hús
 væri byggt á lóð, sem seljandi ekki ætti og að því virtist nauðsynlegt, að sýslunefndin
 fengi lóðina undir húsinu afhenta annaðhvort til eignar eða erfðafestu, og að sýslunefnd-
 in þar að auki þyrfti að sjá um, að húsið yrði tryggt gegn eldsvoða.

— *Bréf landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um vega-* **106**
bót á Vestdalsheiði. — Eptir að jeg með þóknanlegu bræfi yðar, herra amtmaður, **3. júlí.**
 frá 10. f. m. hafði meðtekið nákvæmari skýrslur og áætlun yfir framkvæmd vegabóta
 þeirra, sem upp á hefir verið stungið á fjallveginum yfir Vestdalsheiði í Norðurmúlasýslu,
 samþykkist hjermeð að vegabótavinna þessi, sem gjört er ráð fyrir, að kosti alls 3000 kr.,
 og sem ekki mun verða aflökið á skemmri tíma en 3 árum, megi byrja árið 1881.

Jafnframt því að tjá yður, herra amtmaður, þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar
 og birtingar, vil jeg mælast til þess, að þjer leggið fyrir sýslumanninn í Norðurmúla-
 sýslu, að hann gjöri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að byrjað verði á verki þessu svo
 snemma, sem árstíminn leyfir 1881, og að því sje haldið áfram með þeim mannsafli, sem
 kringumstæðurnar leyfa, svo að því öllu geti orðið lokið á þrem árum eða í síðasta lagi
 árið 1883, ef alþingi veitir hið nauðsynlega fje til þess um árin 1882 og 1883. Gjöld
 þau, sem þurfa til framkvæmdar verki þessu árið 1881, veitast hjer með af fje því, sem
 til vegabóta er ætlað í 9. gr. C. 5. fjárlaganna.

— *Bréf landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um eptirlaun prests.* — Í hjá- **107**
 lögðu bræfi, dagsettu í gær hefir síra Jón Bjarnason fyrir hönd föður síns, uppgjafarprests **17. júlí.**
 síra Bjarna Sveinssonar beiðzt úrskurðar míns um, hvort eptirlaun þau, sem nefndum
 uppgjafarpresti bera af Stafafellsprestakalli eigi framvegis eins og að undanfögnu að greiðast
 honum af tekjum þessa prestakalls, eða þá úr landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. þ. á.
 um eptirlaun presta, og er sagt, að prestur sá, er nú þjónar Stafafelli, haldi þessu fram.

Með því að ekki er fyrir hendi nein skýr yfirlýsing frá prestinum að Stafafelli
 um, að hann hafi í hyggju, samkvæmt hinum nefndu eptirlaunalögum, að skorast und-

Hinn 27. júlí 1880.